


Stórveldið ehf.  
Þór Freysson  
Krókháls 6  
112 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140600190/þek

### Leyfi til kvikmyndatöku í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Vísað er til umsóknar dags. 26. júní til Umhverfisstofnunar þar sem kvikmyndafyrirtækið Stórveldið óskar eftir leyfi til að kvikmynda innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Í tölvupóstinum er óskað eftir leyfi til að kvikmynda á nokkrum stöðum innan þjóðgarðs og fara myndatökur fram dagana 13. – 15. júlí 2014. Unnið verður að upptökum fyrir ferða- og fræðsluþættina Ferðastiklur og er verkefnið unnið fyrir RÚV. Sex manns verða við töku þáttarins og nota tvo jeppa í verkefnið. Ekki er þörf á öðrum búnaði utan tókuvéla og bifreiða. Í fylgiskjali með umsókninni er nánar tilgreint hvar ætlunin er að mynda og segir:

“Hítardalur.

Ekið að Lýsuhól þar sem er jarðhiti og ölkelda, útskýrt hvað ölkelda er, fáum okkur sopa og vonumst eftir lækningu. Þaðan förum við Bjarnarfossi sem stundum rennur uppí loft og svo í fjöruna við Búðir og tínum skeljar. Höldum áfram að Sönghelli og skoðum gamlar nafnarústir, segjum söguna af Eggerti Ólafssyni og Bárði Snæfellsás sem bjó þarna um skamma hríð. Á leiðinni framhjá Öxl heyrum við söguna af Axlar-Birni og könnum svo töfra svæðisins milli Hellna og Arnarstapa eins og Rauðfeldsgjár, Einbúinn og Gatkletturinn. Höldum áfram að Lóndröngum og reynum fyrir okkur í steinaburði á Djúpalónssandi, kíkjum líka í Völundarhúsið. Þaðan höldum við að vitanum á Öndverðanesi með viðkomu í Brugghelli (sem afar fáir þekkja) og að Fálkahelli. Á leiðinni að Hellissandi stoppum við við verbúðirnar á Gufuskálum og Írskubúðum.”

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

Óskað er eftir því að ekki verði nákvæmlega greint frá staðsetningu Brugghellis þar sem staðurinn getur verið hættulegur ókunnu fólki.

Taka ber tillit til umferðar ferðamanna í þjóðgarðinum.

Einnig skal bent á að í friðlöndum, líkt og á Búðum, má ekki fjarlægja náttúruminjar (sbr. skeljar) og telur Umhverfisstofnun að hér sé gott tækifæri til að kynna þær reglur. Benda má á slagorðið „Tökum ekkert nema myndir og minningar, skiljum ekkert eftir“.

Stofnunin væntir þess að umsækjendur kynni sér reglugerðir um þjóðgarðinn og friðlöndin þar sem myndað verður. Fylgja ber reglum svæðanna um umgengi.

Við óskum fyrirtækinu góðs gengis við kvikmyndatökuna.

Virðingarfyllt

*Guðbjörg Gunnarsdóttir*

Guðbjörg Gunnarsdóttir  
Þjóðgarðsvörður

*Kristín Linda Arnadóttir*  
Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri

